

2016

Árangursstjórnunarsamningur

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum



SÝSLUMENN

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ EMBÆTTI SÝSLUMANNSINS Á VESTFJÖRÐUM UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

I. TILGANGUR

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum um að lögbundin verkefni embættisins og önnur þau verkefni sem því hafa verið falin eða það tekið að sér séu unnin á faglegan og hagkvæman hátt.

Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum. Þá á samningurinn að skerpa áherslur um stefnumótun, framkvæmd verkefna, áætlunargerð og leggja grunn að mati á árangri af starfsemi embættisins.

Samningnum er einnig ætlað að styrkja beitingu árangursstjórnunar sem stýritæki hjá embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri embættisins eða þeim skyldum sem embættið hefur samkvæmt lögum. Þá felur stjórvaldsábyrgð ráðherra í sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

II. HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI

Embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum er stjórnsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnsýlu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýlu ríkisins í heraði og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna.

Embættum sýslumanna ber einnig að fylgja stefnum stjórvalda eins og við á s.s. stefnu í aðgengismálum opinberra vefja, innkaupastefnu og jafnréttisstefnu.

Verkefni embættis sýslumanns má taka saman í eftirtalda flokka:

- **Persónuréttindi og fjölskyldumál.** Undir málaflokkinn falla margvisleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga. Loks falla hér undir málefni umboða Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.
- **Eignaréttindi og fullnusta krafna.** Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þau njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign

eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009.

- **Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu.** Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskríteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.
 - **Sérverkefni embættis** eru álagning og innheimta vanrækslugjalds á landsvísu.
 - Rekstur skönnunarmiðstöðvar þar sem eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið eru færð á rafrænt form.
 - Umsjón með sameiginlegum vef sýslumanna, www.syslumenn.is, sem og væntanlegum innri vef.
 - Umsjón með skilríkjum sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra.

III. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum hafa náð samkomulagi um eftirtaldar áherslur og meginmarkmið varðandi starfsemi embættisins á samningstímanum. Deilimarkmið fyrir hvern og einn flokk verða skilgreind í langtímaáætlun og endurskoðuð árlega:

Stjórnsýsla og þjónusta

Tryggja að stjórnvaldsákvarðanir séu ávallt í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnsýsluhætti. Sé ákvörðun rökstudd skal það gert með gagnorðum og eins stuttorðum texta og málefnið leyfir. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Stofnunin setji sér viðmið um málshraða við afgreiðslu mála.
- Brugðist sé við athugasemdum við málsméðferð eða ákvörðunum sem teknar eru af ráðuneyti, dómstólum eða umboðsmanni Alþingis.

Embættið miðlar upplýsingum til ritstjórnar sameiginlegrar ársskýrslu embætta sýslumanna sbr. sérstök gagnasöfnunarskjöl¹ ritstjóra auk þess að sinna upplýsingagjöf til ráðuneyta, Alþingis og annarra aðila.

Mælikvarðar og viðmið:

- Gagnasöfnunarskjölum er skilað rafrænt útfylltum til ritstjóra ársskýrslu fyrir lok janúar ár hvert. [Tímabil innleiðingar 2017]
- Erindum aðila svarað innan skilgreindra tímamarka. [Tímabil innleiðingar 2016]

Embættið veitir umsagnir og kemur með tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum eins og við á. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Unnið innan skilgreindra tímamarka.

¹ Skjöl eru send embættum í upphafi til útfyllingar. Ef breyting verður á skjölunum vekur ritstjóri athygli embættanna á því.

Embættið hefur forgöngu um reglulegt samráð við sveitarfélög og önnur stjórnvöld ríkisins um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu í umdæminu eftir því sem við getur átt.

Mælikvarðar og viðmið:

- Samráðsfundir eru a.m.k. árlega.

Embættið leitast við að stuðla að ánægju viðskiptavina og kannar hana með reglulegum þjónustukönnunum.

Mælikvarðar og viðmið:

- Hlutfall frekar og mjög ánægðra með þjónustuna fari yfir 66% á samningstímabilinu.

Tryggja að miðlun upplýsinga sé áreiðanleg, í takt við tæknipróun og að vefsíða embættanna sé innihaldsrík, nytsamleg, örugg, þjónustuvæn og aðgengileg. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Að vefsíða sýslumanna skori í úttekt á opinberum vefjum ríkis og sveitafélaga² ekki lægra en 90 af 100 í lok samningstímans.
- Unnið að því að gera eyðublöð sýslumanna rafræn við lok samningstímabils í samvinnu við önnur embætti sýslumanna og þí.
- Kominn verði upp aðgengilegur, traustur og notendavænn innri vefur allra starfsmanna sýslumanna fyrir árslok 2017.

Ferlar

Embættið rekur virkt úttektarkerfi. [Tímabil innleiðingar 2016-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Úttektir fara fram samkvæmt skráðu sameiginlegu verklagi embætta sýslumanna.
- Sýslumaður fer reglulega yfir niðurstöður úttekta.

Embættið tekur þátt í vinnu við samræmingu verkferla í einstökum málaflokkum embætta sýslumanna. Sú vinna er hafin á vegum nefndar, samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2014, og tekur embættið þátt í henni með því að leggja til starfsmenn og/eða þekkingu eftir því sem við verður komið og taki upp samræmda verkferla, þegar þeir liggja fyrir. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið sinnir þeirri vinnu er nefndin felur því innan tilskilinna tímamarka.
- Virk þátttaka í öðrum verkefnum um samræmingu verkferla á landsvísu.

Embættið hagi innkaupum í samræmi við vistvæn innkaup og stefnu stjórvalda hverju sinni. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Innkaup á grundvelli rammasamninga Ríkiskaupa.

² Könnunin heitir „Hvað er spunnið í opinbera vefi“ www.ut.is. Hún er framkvæmd annað hvert ár til að fylgjast með þróun opinberra vefsja með tilliti til innihalds, nytsemi, aðgengis, þjónustu og lýðræðislegrar þátttöku á vefjum.

Árangursstjórnunarsamningur þessi verði kynntur starfsmönnum embættisins. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Samningurinn verði kynntur öllum starfsmönnum.
- Samningurinn verði aðgengilegur starfsmönnum.

Mannauður

Allir starfsmenn embættisins eiga að vera metnir að verðleikum og njóta sömu tækifæra í starfi. Þannig leitast embættið við að efla starfsánægju og að mannaúður þess nýtist sem best. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið vinnur í samræmi við starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

Að hjá embættinu starfi ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. [Tímabil innleiðingar 2016-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Heildareinkunn úr starfsánægjukönnun SFR mælist yfir miðju.

Fjármál

Að fjárhagsáætlun embættisins sé faglega unnin. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik frá áætlun eru greind reglulega. Á hálf árs fresti verði helstu upplýsingum miðlað til starfsmanna. Greining á frávikum fylgi ársskýrslu.

Að embættið sé innan fjárheimilda. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik stofnunar frá fjárheimildum.

IV. GAGNKVÆMAR SKYLDUR OG ÁBYRGÐ SAMNINGSAÐILA

Á samningstímanum munu embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum og innanríkisráðuneytið hafa með sér eftirfarandi verklag:

Embættið:

Sýslumaður er tengiliður gagnvart ráðuneyti og ábyrgðaraðili samnings þessa af hálfu embættisins.

- Í samræmi við áherslur og markmiðasetningu um árangursstjórnun leggur embættið fram fimm ára starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 1. október 2016. Þar mun meðal annars koma fram hvernig embættið hyggst vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningi þessum. Áætlun embættisins skal uppfærð árlega og eftir föngum sé því falin aukin verkefni.
- Leggur fram ársáætlun (starfs- og fjárhagsáætlun) eigi síðar en mánuði eftir að fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi ár hvert. Þar er gerð grein fyrir helstu

fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum ársins, forgangsröðun og þeim árangursmarkmiðum sem embættið stefnir að á árinu.

- Telji embættið ekki nægar fjárveitingar til verkefna þess, sem af þessum samningi leiða, skal stofnunin leggja fyrir ráðuneytið rökstudda tillögu að forgangsröðun og eftir atvikum frestun eða niðurfellingu verkefna. Ráðuneytið skal veita endurgjöf eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að slík tillaga liggur fyrir.


Innanríkisráðuneytið:

- Fjallar um og staðfesta áætlanir embættisins, markmiðasetningar og mælikvarða sem fram koma sbr. reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Haldinn er fundur með embættinu ár hvert eftir að áætlanir hafa borist þar sem þær eru yfirfarnar og endurgjöf gefin innan tveggja mánaða.
- Skýrir frá afstöðu sinni til árangursmats sem fram kemur í árskýrslu, innan tveggja mánaða frá því árskýrslan er lögð fram og kynnt.
- Sér um skil á fjárlagatillögum og samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samningi þessum.
- Tilnefnir tengilið/umsjónarmann þessa samnings gagnvart embættinu.
- Vekur athygli embættisins á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið þess og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.


V. GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN SAMNINGS

Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Gildistími hans er fimm ár. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins innan þess tíma. Endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur. Breytingar sem verða ákveðnar á markmiðakafla samningsins skulu settar í fylgiskjal.

Reykjavík, 9. september 2016



Innanríkisráðherra



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum